

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi o. fl.

1. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi:

- a) á **Suðurlandsvegi** frá Selási við Reykjavík að vegamótum við Biskupstungna-
braut.
- b) á **Vesturlandsvegi** frá vegamótum við Höfðabakka í Reykjavík að innkeyrslu
að Kaupfélagi Kjalarnesþings og frá vegamótum við Álafossveg að Mógilsá í
Kollafirði.

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km á klst.

2. gr.

Hámarkshraði á Suðurlandsvegi frá vegamótum við Biskupstungnabraut að ristarlíði vestan við Selfoss skal vera 60 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða á Vesturlandsvegi frá innkeyrslu að Kaupfélagi Kjalarnesþings að vegamótum við Álafossveg skal vera 60 km. á klst.

3. gr.

Vesturlandsvegur framlengist sem aðalbraut frá vegamótum við Þingvallaveg að Mógilsá.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.